

Fallhlífisamband Íslands

HANDBÓK FALLÍS



Útgáfa 1. 2022

Handbók þessi er eign Fallhlífisambands Íslands (FALLÍS).

Handbókin er ætluð til notkunnar af FALLÍS og félögum FALLÍS.

Afritun að hluta eða öllu er óheimil nema með skriflegu samþykki stjórnar FALLÍS

EFNISYFIRLIT

| | |
|--|-----|
| FORSÍÐA | i |
| EFNISYFIRLIT | iii |
| ORÐASKÝRINGAR | v |
| 1 ÖRYGGISREGLUR | 1 |
| 1.1 Kynning á öryggisreglum | 1 |
| 1.2 Undanþágur | 1 |
| 1.3 Almen ákvæði | 1 |
| 1.4 Nemendur | 2 |
| 1.5 Lámarks opunarhæð | 3 |
| 1.6 Lendingarsvæði | 3 |
| 1.7 Útbúnaður í fallhífarstökki | 4 |
| 2 SKÍRTEINI OG RÉTTINDI | 6 |
| 2.1 Kynning | 6 |
| 2.2 Skírteini og svið réttinda | 6 |
| 2.3 Skírteini | 7 |
| 2.4 Umsókn um skírteini | 7 |
| 2.5 Skírteiniskröfur | 8 |
| 2.6 Kennsluréttindi | 10 |
| 2.7 Kröfur fyrir kennsluréttindi | 11 |
| 2.8 Endurnýjun kennararéttinda | 15 |
| 2.9 Sýningarstökks réttindi | 18 |
| 2.10 Dómararéttindi | 20 |
| 3 SÉRLEG STÖKK | 22 |
| 3.1 Kynning | 22 |
| 3.2 Sýningarstökk | 22 |
| 3.3 Næturstökk | 24 |
| 3.4 Vatnsstökk | 26 |
| 3.5 Hæðarstökk | 27 |
| 3.6 Fallhlífamynsturflug | 28 |
| 3.7 Mynsturflug í frjálsu falli | 30 |
| 3.8 Íslandsmót og Íslandmet | 31 |
| 4 NÁMSKEIÐ OG KENNSLA | 33 |
| 4.1 Kynning | 33 |



| | |
|-------------------------------------|----|
| 4.2 Grunnkennsla | 33 |
| 4.3 Upprifjunar reglur..... | 37 |
| 5 FLUG MEÐ FALLHLÍFASTÖKKVARA | 39 |
| 5.1 Kynning | 39 |
| 5.2 Starfsreglur | 39 |
| 6 REGLUR UM ÚTBÚNAÐ | 41 |
| 6.1 Kynning | 41 |
| 6.2 Fagmenn fallhífabúnaðar | 41 |
| 6.3Útbúnaður | 43 |
| 6.4 Umhirða útbúnaðar | 45 |

ORÐASKÝRINGAR

A og B línur: Fremri línur, þær línur sem tengjast fremst í fallhlífina.

Aðalfallhlífarlosun: *Cutaway*, aðalfallhlíf losuð frá með einu handtaki.

Aðskilnaður: *Break Off*, þegar stökkvarar fljúga sem lengst í burtu frá hvor öðrum til að skapa rými til að opna fallhlífar.

AFF-K: AFF kennari

AFF réttindahafi: Aðili sem hefur hraðþjálfunarréttindi

AFF-S: AFF stökkstjóri

AFF-Y: AFF yfirkennari

Bakfallslykkja: *Backloop*, stökkvari fer kollhnís afturábak í frjálsu falli.

Borðar: *Risers*, borðar sem tengja saman pakka og fallhlífalínur.

C og D línur: Aftari línur, þær línur sem tengjast aftast í fallhlífina.

Draghlíf: *Pilot Chute*, lítil fallhlíf sem er sleppt út í loftstrauminn. Hún dregur svo út pokann sem inniheldur fallhlífina.

Einstökk: *Solo*, stökkvari sem stekkur einn.

FAA: *Federal Aviation Administration*, Flugmálastjórn Bandaríkjanna.

Fallhlífafestingar: *Container Links*, hlekkir sem tengja saman línur og borða.

Fallhlífamynsturflug: *Canopy Relative Work (CRW)*. Stökk þar sem tveir eða fleiri hyggjast tengjast saman í stökki með opnar fallhlífar.

Fallhlífapakki: *Rig*, sá hluti útbúnaðar sem inniheldur báða fallhlífapoka og allar ólar tengjast við.

Fallhlífavirki: *Senior Rigger*, aðili sem hefur réttindi til að pakka varafallhlífum og gera við fallhlífabúnað.

Farþegastökk: *Tandem*, stökk þar sem farþegi í sérstökum ólum er festur við farþegastökkskennara og saman nota þeir eina fallhlíf.

Federation Aeronautique Internationale (FAI): Alþjóðlega flugmálafélagið. Samtök flugíþrótta um heim allan.

FF: Skammstöfun á frjálsum falli.

Flugmálafélag Íslands: Félag íslenskra flugíþrótta.

Flugmálasamband Norðurlanda: *Association of Nordic Aeroclubs (ANA)*. Samtök flugmálafélaga Norðurlandanna.

Framfallslykkja: *Frontloop*, stökkvari fer kollhnís í frjálsum falli.

Frásvif: *Delta*, nokkurs konar útgáfa af frásvifi. Munurinn er sá að í delta er líkaminn enn sveigður.

Frásvif: *Track*, hámarksáframhraði í frjálsum falli með lágmarks hæðartapi. Notast við aðskilnað frá öðrum til að fá sem mest rými til að opna fallhlíf.

Heildarþyngd stökkvara: Eigin þyngd og útbúnaður.

Herfallhlífastökksnámskeið: Námskeið sem her eða björgunarsveit heldur, getur verið frábrugðið venjulegum námskeiðum.

Hopp/opnun: *Hop/Pop*, stökk þar sem fallhlíf er opnuð strax eftir útstökk.

Hraðþjálfun (AFF): kennsluáferð þar sem nemandi stekkur með einum til tveimur kennurum. Nemandinn fær 40-50 sekúndur í frjálsum falli í hverju stökki og lærir fljótt að stjórna sér í frjálsum falli.

International Parachuting Commission (IPC): Alþjóðlega fallhlífasambandið. Samtök fallhlífasambanda, aðili að FAI.

Kennari: *Instructor*, aðili sem hefur réttindi til að halda grunnnámskeið og hafa yfirumsjón með kennslu á stökksvæði auk þess að stökkva með og/eða setja út nemendur.

Keppnisskírteini: *Sporting Licence*, skírteini með sérstöku merki sem FAI gefur út, nýtt á hverju ári.

Krókhnífur: *Hookknife*, hnífur sem er sérstaklega hannaður til að skera línur og borða.

Krosstengi: *Cross Connector*, notast í fallhlífamynsturflugi til að stökkvarar eigi auðveldara með að krækja fótum í borða.

Meistari í fallhlífavirkjun: *Master Rigger*, aðili sem er meistari í faginu og hefur sömu réttindi og fallhlífavirki (*Senior Rigger*). Að auki hefur hann réttindi til að taka lærlinga og gera meiriháttar breytingar á fallhlífabúnaði.

Mynsturflug: *Formation Skydiving/Relative Work*. Stökk þar sem tveir eða fleiri hyggjast tengjast saman í frjálsu falli.

Mynsturflugsskóli: *Skydive University*, staðlað þjálfunarkerfi ætlað til að kenna stökkvurum undirstöðuatriði mynsturflugs.

Ná stigum í frjálsu falli: Ávinna sér punkta, fyrir hvert rétt myndað mynstur í mynsturflugi fæst eitt stig.

Nákvæmnislendingar: *Accuracy*, keppni þar sem keppt er í að lenda á eða sem næst fimm sentimetra miðju.

Nemendur í hraðþjálfun (AFF): Nemendur sem eru þjálfaðir með aðferð sem gerir þeim kleift að vera í frjálsu falli í 40 til 50 sekúndur í hverju stökki.

Neyðarlending: *PLF (Parachute Landing Fall)*, sérstök landingaraðferð með hringlaga fallhlíf. Getur einnig komið að notum í harkalegum landingum.

Norðurlandafundur: *Nordic Coordination Meeting*, fallhlífasambönd Norðurlanda funda og stilla saman strengi sína til að mynda sterkt afl á vettvangi IPC.

Ólar: *Harness*, þær ólar sem fallhlífastökkari situr í og pakki og fallhlífar tengjast.

Opnun með kasthandfangi: *Throw Out*, opnunarkerfi þar sem stökkvari dregur draghlíf úr sérstökum vasa og kastar frá sér. Draghlífin er tengd í aðalfallhlífarpakka, opnar hann og dregur út fallhlífarpoka.

Opnun með toghandfangi: *Pull Out*, opnunarkerfi þar sem stökkvari opnar aðalfallhlífarpakka með því að draga pinna og draghlíf út. Stökkvarinn kastar síðan draghlífinni frá sér og hún dregur út aðalfallhlífarpoka.

Opnunarkerki: *Wafe Off*, stökkvari varar aðra við því að hann hyggst opna fallhlíf með því að sveifla höndunum á ákveðinn hátt.

Poki: *Bag*, poki utan um fallhlíf.

Prófdómari: *Evaluator*, er skipaður af FALLÍS til að endurnýja réttindi stökkstjóra.

Stöðulína í poka: *Direct Bag*, opnunarkerfi þar sem stöðulína er tengd beint í pokann.

Stöðulína með draghlíf: *Pilotchute Assist*, opnunarkerfi þar sem stöðulínan er tengd í pakkann.

Stöðulínu (S/L) nemendur: Nemendur sem eru þjálfaðir með stöðulínu aðferð sem býðir að fallhlífin opnast sjálfkrafa strax eftir útstökk í fyrstu stökkum.

S/L-K: Stöðulínu kennari

S/L-S: Stöðulínu stökkstjóri

S/L-Y: Stöðulínu yfirkennari.

Sjálfvirkur opnari: *Automatic Activation Device (AAD)*, tæki sem opnar varafallhlífarpakka ef farið er í gegnum ákveðna hæð (loftþrýsting) á ákveðnum hraða.

Stig I til VII: AFF námskeið skiptist í sjö stig.

Stunguútstökk: Stökkva út með því að stinga sér með höfuðið á undan svipað og út í sundlaug.

Stöðulínu kennsla: S/L kennsla, kennsluaðferð þar sem nemandinn stekkur einn og í fyrstu stökkunum er lína notuð til að opna aðalfallhlíf.

Stökkbók: *Logbook*, bók sem stökkvarar skrá í stökk sín og helstu upplýsingar um þau.

Stökkkomur: *Boogie*, fallhlífastökksveisla þar sem fólk kemur saman í ákveðinn tíma, stundar fallhlífastökk og skemmtir sér.

Stökkstjóri: *Jumpmaster*, aðili sem hefur réttindi til að stökkva með og/eða setja út nemendur og ber ábyrgð á öryggi og framkvæmd fallhlífastökks úr loftfari.

Súrefnisgjafi: *Standard Bail Out System*, súrefnisgjafi sem viðurkenndur er til fallhlífartökks.

Sýningarstökksréttindi, 1. gráðu: *PRO-Rating*, réttindi til að stökkva sýningarstökk á erfið og þröng svæði.

Sýningarstökksréttindi, 2. gráðu: *DEMO License*, réttindi sem C-skírteinishafar fá sjálfkrafa.

Tengiborði: *Bridle Cord*, borði sem tengir saman fallhlíf og poka.

Togstrengur og gormdraghlíf: *Ripcord* and *Spring Loaded Pilot Chute*, handfang sem tengt er í aðalfallhlífarpakka og þegar hann opnast skýst út gormdraghlíf.

TSO C-23: Tæknistaðall frá FAA sem allir fallhlífapakkar og varafallhlífar sem framleiddir eru í Bandaríkjunum þurfa að standast.

Tveggja manna mynsturflug: *Two way*, tveir saman í frjálsum falli.

Útdráttur mynsturs: *Dive Pool*, mynstur sem IPC velur. Notast í keppnum í mynsturflugi í frjálsum falli.

Velta: *Roll*, stökkvari veltir sér á hlið, heilan hring eða fleiri.

Varastöðulína (VSL): *RSL (Reserve Static Line)*, lína sem tengd er frá aðalfallhlífaborða í varafallhlífarpinna. Ef aðalfallhlíf er losuð frá opnast varafallhlífarpakki sjálfkrafa.

Yfirkennari: *Instructor/Examiner*, kennari sem hefur sömu réttindi og kennari. Að auki hefur hann réttindi til að halda kennara- og stökkstjóranámskeið að vissum skilyrðum uppfylltum.

Þriggja hringja sleppikerfi: *Three Ring Release*, sleppikerfi sem gerir stökkvara kleift að losna við aðalfallhlíf á auðveldan hátt.

Þrýstibúningur: Alveg loftþéttur búningur sem heldur jöfnum loftþrýsingi.

Þurrt súrefni: *Aviation Type*, súrefnisgjafi sem inniheldur þurrt súrefni, minnkar hættu á að ískristallar geti myndast í miklum kuldu.

Æfingaopnanir: *Practice Pulls (PRCP)*, stökk þar sem S/L nemendur æfa sig að opna aðalfallhlíf með ótengdu handfangi strax eftir útstökk.

Öryggisfulltrúi: Aðili sem FALLÍS skipar til að sjá um að reglum sé framfylgt.

1 ÖRYGGISREGLUR

1.1 KYNNING Á ÖRYGGISREGLUM

Þessi kafli mun skýra frá öryggisreglum þeim sem FALLÍS setur öllum sem stunda sportfallhlífartökk á Íslandi. Einnig munu undanþágur frá öryggisreglum útskýrðar.

1.2 UNDAÐPÁGUR

Öryggisreglur þær sem í gildi eru telur FALLÍS að endurspegli þær kröfur sem hinn ábyrgi stökkvari gerir til sín við eðlilegar aðstæður. Hins vegar geta sumar reglurnar verið ónauðsynleg byrði við ýmsar aðstæður. Til að fá undanþágu frá öryggisreglum FALLÍS skal leita til öryggisfulltrúa sem svo sækir um undanþágu hjá Samgöngustofu.

1.3 ALMENN ÁKVÆÐI

1.gr. Allt fallhlífartökk skal framkvæmt samkvæmt reglugeð um fallhlífartökk 652/2010 og öryggisreglur Fallhífasambands Íslands sem samþykktar eru af Samgöngustofu

2.gr. Fallhlífartökkvari skal verða sér úti um læknisvottorð ef FALLÍS gerir kröfu um það.

3.gr. Lágmarksaldur er 16 ár fyrir fallhlífartökk, nema 14 ár fyrir farþega. Allir yngri en 18 ára þurfa skriflegt samþykki foreldra eða forráðamanna.

4.gr Áður en heimilt er að framkvæma fallhlífartökk skal eftir því sem við á afla allra nauðsynlegra leyfa, svo sem leyfis viðkomandi flugstjórnarþjónustu ef fallhlífartökk er framkvæmt í stjórnunni loftrými. Jafnframt skal afla leyfis umráðanda þess landsvæðis sem stökkva á yfir eða lenda á eftir því sem við á.

5.gr. Hámarksvindur við jörðu fyrir A, B, C og D skírteinishafa er 20 hnútar en 22 hnútar fyrir E og F skírteinishafa. Ef stokkið er ofan í vatn má vindur við jörð ekki vera minni en 2

m/s hnútar og ekki meiri en 10 m/s. Til að meta vind skal nota vindstyrks mælir. Sem dæmi má nefna á vindmælir flugvelli, handmælir eða t.d. veðurstöð sem er í næsta nágreni.

6.gr. Falhlífarstöckvarar skulu vera líkamlega og andlega færir um að stökkva. **Enginn má stökkva undir áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi lyfja.**

1.4 NEMENDUR

ö1.gr. Öll kennsla á grunnnámskeiðum skal vera undir umsjón kennara sem hefur gild réttindi til þess samþykkt af stjórn FALLÍS.

2.gr. Öll nemendastökk skulu vera undir beinni umsjón stökkstjóra eða kennara sem hafa til þess gild réttindi samþykkt af stjórn FALLÍS.

3.gr. Nemendur í hraðþjálfun (AFF) á stigi I, II og III þurfa tvo AFF réttindahafa með sér í frjálsum falli sem hafa gild FALLÍS réttindi. Nemendur í hraðþjálfun (AFF) á stigi IV, V, VI og VII þurfa einn AFF réttindahafa með sér í frjálsum falli sem hefur gild FALLÍS réttindi.

4.gr. Nemendur skulu framkvæma fimm stöðulínustökk (S/L) og/eða fimm farþegastökk, þar af skal þrisvar dregið út ótengt æfingahandfang á fullnægjandi hátt um leið og góðri líkamsstöðu er haldið, eða klárað hraðþjálfun (AFF), kennslustig I til VII á fullnægjandi hátt áður en þeim er hleypt einum í frjálst fall.

Ö 5.gr. Hámarks vindur við jörðu fyrir nemendur með vængfallhlífar er 15 hnútar en 10 hnútar fyrir nemendur með hringlaga varafallhlíf.

6.gr. Ef meira en 30 dagar hafa liðið frá síðasta stökki nemanda skal hann hljóta nákvæma upprifjun í öllum atriðum, sérstaklega hvað varðar vandamál og bilun útbúnaðar. Sérstakrar varúðar skal gætt í næsta stökki á eftir þar sem hætta er á að nemandinn hafi ryðgað í öllum grundvallaratriðum.

1.5 LÁGMARKS OPNUNARHÆÐ

- 1.gr.** Lágmarks opnunarhæð fyrir farþegastökk er 4000' yfir jörðu.
- 2.gr.** Lágmarks opnunarhæð fyrir nemendur í hraðþjálfun (AFF) og nemendur komna á frjálst fall er 3000' yfir jörðu.
- 3.gr.** Lágmarks opnunarhæð fyrir stöðulínu (S/L) nemendur er 2500' yfir jörðu.
- 4.gr.** Lágmarks opnunarhæð fyrir A, B og C skírteinishafa er 2500' yfir jörðu.
- 5.gr.** Lágmarks opnunarhæð fyrir D, E og F skírteinishafa er 2000' yfir jörðu.

1.6 LENDINGARSVÆÐI

- 1.gr.** Lendingarsvæði skulu vera hindrunarlaus með eftirfarandi lágmarks fjarlægð í næstu hindrun frá miðju svæðis.

| | Vængfallhlíf | Hringlaga fallhlíf |
|--------------------------|--------------|--------------------|
| Nemendur | 100 m | 300 m |
| A- og B- skírteinishafar | 100 m | 200 m |
| C- og D- skírteinishafar | 50 m | 100 m |
| E- og F-skírteinishafar | 50 m | 75 m |

- 2.gr.** Hindrun skilgreinist sem eitt eða fleira af eftirtöldu: síma- eða rafmagnslínur, staurar, girðingar, byggingar, farartæki, skurðir, hraðbrautir, tré og vatn sem hægt er að drukna í.

- 3.gr.** Allir nemendur skulu vera útbúnir talstöð í fyrsta stökki og vera leiðbeint niður til landingar af hæfum aðila útnefndum af kennara eða stökkstjóra.

- 4.gr.** Stökkhæð skal ákveðin fyrir stökk og upplýsingar um vindstyrk og vindáttir frá jörðu og upp í stökkhæð liggja fyrir.

5.gr. Fyrir björgunarþjónustu skal vera nærtækt við lendingarstað fjarskiptatæki, bíll, bátur o.s.frv., eftir því sem við á

1.7 ÚTBÚNAÐUR Í FALLHLÍFASTÖKKI

1.gr. Hver stökkvari skal útbúinn flotbúnaði ef ætlunin er að stökkva í vatn eða ef vatn sem hægt er að drukkna í er í 1,5 km fjarlægð eða minna frá opunarstað.

2.gr. Hver stökkvari skal útbúinn ljósi sem gerir honum kleift að lesa á hæðarmæli í næturstökki.

3.gr. Hver stökkvari skal útbúinn ljósi sem sést í 5 km fjarlægð í næturstökki.

4.gr. Hver nemandi skal útbúinn:

- A. Hjálmi, nema farþegastökks-nemendur.
- B. Þriggja hringja sleppikerfi á aðalfallhlíf og varastöðulínu (VSL) í varafallhlíf.
- C. Hæðarmæli.
- D. Sjálfvirkum opnara á varafallhlíf.
- E. Væng aðalfallhlíf, hæfa fyrir nemendur.
- F. Stýranlega varafallhlíf, hæfilega stóra miðað við heildarþyngd nemandans.
- G. Aðalfallhlíf nemenda í hraðþjálfun (AFF) og annarra nemenda komna á frjálst fall skal útbúin opunarkerfi með togstreng og gormdraghlíf eða kasthandfangi.

5.gr. Hver AFF réttindahafi og farþegastökkskennari skal útbúinn hæðarmæli í kennslustökki.

6.gr. Allur farþegastökksbúnaður skal útbúinn sjálfvirkum opnara á varafallhlíf, viðurkenndum af framleiðanda.

7.gr. Súrefni í þrýstiflöskum skal nota í loftfari þann tíma sem fer yfir 30 mínútur í flughæðum milli 10.000' og 13.000' og allan tímann yfir 13.000'.

8.gr. Fallhlífarstökkvari skal nota súrefni í stökkinu ef stökkið er úr 21.000' hæð eða meira.

9.gr. Allir fallhlífarstökkvarar skulu vera útbúnir tveimur fallhlífum; aðalfallhlíf og stýranlegri varafallhlíf.

2 SKÍRTEINI OG RÉTTINDI

2.1 KYNNING

Fallhlífastökkvarar geta sótt um skírteini sem endurspeglar reynslu þeirra og réttindi. Skírteinin eru gefin út á 6. stig. Fallhlífastökkvarar geta ennfremur að uppfylltum vissum skilyrðum náð kennsluréttindum, sýningarstökkuréttindum og dómara réttindum.

Stjórn Fallís hefur heimild til að viðurkenna erlend réttindi.

2.2 SKÍRTEINI OG SVIÐ RÉTTINDA

1.gr. Fallhlífastökksskírteinin eru gefin út á eftirtalin stig.

A-skírteini - Byrjendastig

B-skírteini

C-skírteini

D-skírteini

E-skírteini

F-skírteini - Efsta stig

2.gr. Réttindi eru gefin út á eftirtalin svið:

A. Kennslu

B. Sýningarstökk

C. Dómara

2.3 SKÍRTEINI

Kröfum fyrir öll stig skírteina eru ætlað að hvetja stökkvara til að þróa og bæta við kunnáttu sína og hæfni. Skírteini FALLÍS eru viðurkennd í öllum FAI löndum og eru sönnun þess að viðkomandi stökkvari sé með ábyrgðartryggingu.

1.gr. FALLÍS gefur út keppnisskírteini sem eru viðurkennd af FMÍ og FAI. Keppnisskírteini eru skilyrði fyrir þátttöku í mótum viðurkenndum af FAI, t.d. heims-meistaramótum.

2.gr. Skírteini FALLÍS eru gefin út til eins árs í senn. Skírteini eru gild frá 1.jan. til 31. des.

3.gr. Öryggisfulltrúi eða stjórn FALLÍS getur afturkallað eða ógilt skírteini ef ástæða þykir til.

2.4 UMSÓKN UM SKÍRTEINI.

1.gr. Umsækjandi skal sanna með stökkbók að hann uppfylli öll skilyrði fyrir viðkomandi skírteini. Hvert stökk skal undirritað af fallhlífastökkvara með gilt skírteini.

2.gr. Umsækjandi skal standast próf í grundvallarþekkingu á fallhlífastökki og reglugerðum þess.

3.gr. Umsókn skal undirrituð af fallhlífastökkvara með jafnhá eða hærri réttindi/skírteini en umsækjandi.

- E. 20 stökk, lent innan 5m frá settu marki.
- F. Náð fjórum stigum í 4 manna mynstri á innan við 35 sek.
- G. Gert bakfallslykkju, framfallslykkju og veltu.
- H. Náð tveimur stigum í 6 manna mynstri á innan við 50 sek.

4.gr. Fallhlífastökkvari sem sækir um D-skírteini þarf að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- A. Öll atriði 3. greinar.
- B. 250 stökk í frjálsu falli.
- C. 20 stökk í yfir 60 sek í frjálsu falli hvert.
- D. 2 klst. í frjálsu falli alls.
- E. 25 stökk, lent innan við 5m frá settu marki.
- F. Næturstökk, einstökk yfir 20 sek. í frjálsu falli.
- G. Næturstökk, mynsturflug yfir 20 sek. í frjálsu falli.

5.gr. Fallhlífastökkvari sem sækir um E-skírteini þarf að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- A. Öll atriði 4. greinar.
- B. 500 stökk í frjálsu falli.
- C. 50 stökk í yfir 60 sek. í frjálsu falli hvert.
- D. 5 klst í frjálsu falli alls.

6.gr. Fallhlífastökkvari sem sækir um F-skírteini þarf að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- A. Öll atriði 5. greinar.
- B. 1000 stökk í frjálsu falli.
- C. 100 stökk í yfir 60 sek. í frjálsu falli hvert.
- D. 10 klst. í frjálsu falli alls.

- E. Sýningarstökksréttindi.
- F. Náð a.m.k. átta stigum í 4 manna mynstri á innan við 35 sek.

2.6 KENNSLURÉTTINDI

Kennsluréttindi eru gefin út á eftirtaldar kennsluaðferðir auk farþegastökksréttinda: stöðulínu (S/L) og hraðþjálfun (AFF). Kennsluréttindi eru gefin út til þeirra sem standast námskeið þar að lútandi og þau sýna að viðkomandi hefur náð vissri hæfni í fallhlífastökki auk þess að geta miðlað öðrum af reynslu sinni.

1.gr. Kennsluréttindi eru gefin út á eftirtalin 3 stig:

- A. Stökkstjóri skammstafað S.
- B. Kennari skammstafað K.
- C. Yfirkennari skammstafað Y.

2.gr. Kennsluréttindi eru útgefin til eins árs í senn til þeirra sem standast allar kröfur þar að lútandi.

3.gr. Kennsluréttindi eru einungis endurnýjuð hafi viðkomandi náð öllum lágmarkskröfum.

4.gr. Kennsluréttindi má afturkalla eða ógilda ef ástæða þykir til af öryggisfulltrúa eða stjórn FALLÍŠ.

2.7 KRÖFUR FYRIR KENNSLURÉTTINDI.

1.gr. Stöðulínu stökkstjóra (S/L-S) er skylt að geta undirbúið nemendur fyrir stökk að öllu leiti á stöðulínu (S/L) eða frjálst fall auk þess að setja þá út.

Umsækjandi um réttindi S/L stökkstjóra þarf að:

- A. Vera a.m.k. 18 ára.
- B. Hafa a.m.k. C-skírteini.
- C. Hafa sýnt hæfni til að kenna viðbrögð við útbúnaðarvandamálum og bilunum. Þarf að kunna á sjálfvirkan opnara.
- D. Hafa sýnt hæfni til að kenna grundvallartækni í frjálsum falli, t.d. beygjur, bakfallslykkju og frásvif.
- E. Hafa sýnt hæfni til að ákveða útstöcksstað.
- F. Hjálpað til á og fylgst með a.m.k. tveim stöðulínunámskeiðum.
- G. Hafa sett út a.m.k. fimm stökkvara sem leika nemendur á stöðulínu (S/L), og í frjálsum falli.
- H. Þarf að vera undir umsjón S/L kennara í liðum C-G.
- I. Hafa staðist S/L stökkstjóra námskeið.

2.gr. Stöðulínu kennari hefur sömu skyldur og S/L stökkstjóri, auk þess sem hann má halda stöðulínu (S/L) grunnnámskeið. S/L kennari skal hafa yfirumsjón með S/L kennlustökkum á stökksvæði. Umsækjandi um réttindi S/L kennara þarf að:

- A. Hafa uppfyllt öll skilyrði fyrstu greinar.
- B. Hafa verið S/L stökkstjóri í a.m.k. 12 mán.
- C. Hafa a.m.k. D-skírteini.
- D. Hafa sett út a.m.k. 25 stöðulínu (S/L) nemendur/stökk.
- E. Hafa sett út a.m.k. 15 einstökks nemendur/stökk í frjálsum falli.

- F. Hafa hjálpað til á a.m.k. 4 námskeiðum.
- G. Hafa kennt a.m.k. eitt námskeið undir eftirliti S/L kennara.
- H. Hafa kennt a.m.k. tveim nemendum að pakka væng aðalfallhlíf.
- I. Hafa kennt a.m.k. einum nemanda fallhlífastjórn þar sem hann hefur lent 25m eða minna frá settu marki.
- J. Hafa sýnt hæfni til að kenna mynsturflug á öruggan hátt.
- K. Hafa staðist kennaranámskeið.

3.gr. Stöðulínu yfirkennari (S/L-Y) hefur sömu réttindi og skyldur og S/L kennari auk þess sem hann hefur réttindi til að kenna S/L stökkstjóra og kennaranámskeið í samráði við stjórn FALLÍS.

S/L yfirkennari skal hafa góða þekkingu á öllum hliðum fallhlífastökks og geta ráðlagt öðrum um reglugerðir, lög, hæðarstökk yfir 15.000' yfir sjávarmáli, skyndihjálp, pakkannir og viðhald á útbúnaði, næturstökk og vatnsstökk.

Umsækjandi um réttindi S/L yfirkennara þarf að:

- A. Hafa uppfyllt öll atriði annarrar greinar.
- B. Hafa verið S/L kennari í a.m.k. 12 mán.
- C. Hafa sett út a.m.k. 200 stöðulínu (S/L) eða einstökks nemendur í frjálsum falli.
- D. Hafa a.m.k. D-skírteini.
- E. Hafa þrjá meðmælendur.
- F. Hafa fallhlífavirkjaréttindi.
- G. Hafa staðist próf í öllum atriðum fallhlífastökks.

4.gr. AFF stökkstjóra (AFF-S) er skylt að geta undirbúið nemendur í hraðþjálfun (AFF) að öllu leiti fyrir stökk auk þess að stökkva með þeim. Umsækjandi um réttindi AFF stökkstjóra þarf að:

- A. Vera a.m.k. 18 ára.
- B. Hafa a.m.k. D-skírteini.
- C. Hafa a.m.k. 6 klst. í frjálsum falli.
- D. Hafa staðist AFF stökkstjóra-námskeið.

5.gr. AFF kennari (AFF-K) hefur sömu skyldur og AFF stökkstjóri auk þess sem hann má halda hraðþjálfunar (AFF) grunnnámskeið. AFF kennari skal hafa yfirumsjón með kennslu í hraðþjálfun á stökksvæði.

Umsækjandi um réttindi AFF kennara þarf að:

- A. Hafa uppfyllt öll atriði fjórðu greinar.
- B. Hafa verið AFF stökkstjóri í a.m.k. 12 mán.
- C. Hafa a.m.k. 9 klst. í frjálsum falli.
- D. Hafa verið aðalfallhlífarmegin í a.m.k. 15 AFF stökkum.
- E. Hafa kennt a.m.k. eitt námskeið undir eftirliti AFF kennara.
- F. Hafa undirbúið a.m.k. 3 nemendur fyrir I. stigs stökk.
- G. Hafa kennt a.m.k. 2 nemendum að pakka vængaðalfallhlíf.
- H. Hafa kennt a.m.k. einum nemanda fallhlífastjórn þar sem hann hefur lent 25m eða minna frá settu marki.
- I. Hafa sýnt hæfni til að kenna mynsturflug á öruggan hátt.
- J. Hafa staðist kennaranámskeið.

6.gr. AFF yfirkennari (AFF-Y) hefur sömu réttindi og skyldur og AFF kennari auk þess sem hann hefur réttindi til að kenna AFF stökkstjóra og kennaranámskeið í samráði við stjórn FALLÍS. AFF yfirkennari skal hafa góða þekkingu á öllum hliðum fallhlífastökks og geta ráðlagt öðrum um reglugerðir, lög, hæðarstökk yfir 15.000' yfir sjávarmáli, skyndihjálp, pakkanir og viðhald á búnaði, næturstökk og vatnsstökk.

Umsækjandi um réttindi AFF yfirkennara þarf að:

- A. Hafa uppfyllt öll skilyrði fimmtu greinar.
- B. Hafa verið AFF kennari í a.m.k. 12 mánuði.
- C. Hafa a.m.k. 100 AFF stökk.
- D. Hafa þrjá meðmælendur.
- E. Hafa fallhlífavirkjaréttindi.
- F. Hafa staðist próf í öllum atriðum fallhlífastökks.

7.gr. Umsækjandi um réttindi farþegastökkskennara skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

- A. Hafa stökkið a.m.k. 500 væng-fallhlífastökk.
- B. Hafa stökkið a.m.k. 50 vængfallhlífastökk undanfarna 12 mánuði.
- C. Hafa a.m.k. 4 klst. í frjálsu falli.
- D. Hafa a.m.k. eina aðalfallhlífarnosun og/eða varafallhlífarnosun.
- E. Hafa a.m.k. D-skírteini.
- F. Kennararéttindi og/eða AFF stökkstjóraréttindi.
- G. Standast námskeið hjá yfirkennara í samráði við stjórn FALLÍS.

8.gr. Umsækjandi um réttindi farþegastökksyfirkennara skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

- A. Öll atriði sjöundu greinar.
- B. Hafa a.m.k. 1000 stökk.
- C. Hafa a.m.k. 100 farþegastökk.
- D. Hafa a.m.k. 5 ár að baki í fallhlífarstökki.
- E. Kennararéttindi.
- F. Hafa samþykki stjórnar FALLÍS.

2.8 ENDURNÝJUN KENNARARÉTTINDA

1.gr. Allir sem sækja um endurnýjun á kennsluréttindum þurfa að hafa fallhlífastökksskírteini í gildi.

2.gr Réttindahafar með bæði stöðulínu (S/L) og hraðþjálfunar (AFF) réttindi nægir að endurnýja hraðþjálfunar réttindin til að halda báðum í gildi.

3.gr. Enginn má staðfesta/undirrita eigin réttindi.

4.gr Hraðþjálfunar (AFF) prófdómari verður að hafa a.m.k. 150 AFF stökk og er skipaður af FALLÍS í hvert skipti sem þörf er á.

5.gr. Stöðulínu stökkstjóri þarf að hafa, innan s.l. 12 mánaða:

- A. Sett út a.m.k. 10 stöðulínu (S/L) nemendur/stökk og 5 nemendur/stökk í frjálsum falli eða haldið AFF réttindum sínum í gildi.
- B. Mætt á kennarafund.
- C. Fengið undirskrift frá kennara, yfirkennara eða aðila í stjórn FALLÍS.

6.gr. Stöðulínu kennari þarf að hafa, innan 12 mánaða:

- A. Haldið S/L stökkstjóra réttindum sínum.
- B. Kennt fyrsta stökks grunnnámskeið.
- C. Fengið undirskrift frá öryggis-fulltrúa/kennara, S/L yfirkennara eða aðila í stjórn FALLÍS.

7.gr. Stöðulínu yfirkennari þarf að hafa, innan 12 mánaða:

- A. Haldið S/L kennara réttindum sínum.
- B. Fengið undirskrift frá aðila í stjórn FALLÍS.

8.gr. AFF stökkstjóri þarf að hafa, innan 12 mánaða:

- A. Stokkið a.m.k. 15 AFF stökk eða klárað á fullnægjandi hátt stökk með AFF prófdómara.
- B. Mætt á kennarafund.
- C. Fengið undirskrift frá öryggis-fulltrúa/AFF stökkstjóra, -kennara, -yfirkennara eða aðila í stjórn FALLÍS.

9.gr. AFF kennari þarf að hafa, innan s.l. 12 mánaða:

- A. Haldið AFF stökkstjóraréttindum sínum.
- B. Fengið undirskrift frá öryggis-fulltrúa/AFF kennara, -yfirkennara eða aðila í stjórn FALLÍS.

10.gr. AFF yfirkennari þarf að hafa, innan s.l. 12 mánaða:

- A. Haldið AFF kennararéttindum sínum.
- B. Fengið undirskrift frá aðila í stjórn FALLÍS.

11.gr. Farþegastökkskennari þarf að stökkva a.m.k. 15 farþegastökk og samtals 50 stökk s.l. 12 mánuði til að halda réttindum sínum í gildi.

12.gr. Farþegastökkskennari sem ekki hefur stökkið farþegastökk s.l. 90 daga þarf að stökkva a.m.k. eitt farþegastökk með reyndan stökkvara (a.m.k. A-skírteini) til að halda réttindum sínum í gildi.

13.gr. Farþegastökkskennari sem ekki hefur stökkið farþegastökk s.l. 180 daga þarf að stökkva a.m.k. tvö farþegastökk með reyndan stökkvara (a.m.k. A-skírteini) til að halda réttindum sínum í gildi.

14.gr. Ef farþegastökkskennari hefur ekki stökkið farþegastökk s.l. 12 mánuði falla réttindi hans úr gildi og hann þarf að standast prófstökk þar sem farþegastökks kennari leikur hlutverk farþega.

15.gr. Farþegastökksyfirkennari þarf að halda farþegastökksréttindum sínum í gildi til að hafa yfirkennararéttindin í gildi.

2.9 SÝNINGARSTÖKKS-RÉTTINDI

Sýningarstökkssréttindi eru gefin út á tvær gráður, 1. og 2. gráðu.

1. gráðu sýningarstökkssréttindi eru ekki nauðsynleg fyrir öll sýningarstökk en þau eru viðurkenning á hæfni viðkomandi. Réttindin geta hjálpað til við samvinnu við lögreglu og flugmálayfirvöld hverju sinni. 1. gráðu sýningarstökkssréttindi eru sérstaklega ætluð fyrir sýningarstökk með þröngu landingarsvæði í þéttbýli.

1.gr. Allir sem sækja um 1. gráðu sýningarstökkssréttindi þurfa að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- A. Hafa a.m.k. D-skírteini.
- B. Hafa a.m.k. 350 stökk í vængfallhlíf.
- C. Stokkið tíu stökk sem eru tilkynnt fyrirfram sem prófstökk og lent innan 5 m. frá settu marki í hvert sinn. Prófstökkin sjálf þurfa ekki að vera hvert á eftir öðru heldur gilda tíu tilkynnt stökk. Stökk sem framkvæmd eru á milli prófstökka hafa ekki áhrif á útkomu umsóknar um réttindin.
- D. Standa þarf allar landingar í prófstökkum.
- E. Öryggisfulltrúi, yfirkennari eða aðili í stjórn FALLÍS þurfa að vera vitni að hverju stökki og undirrita í stökkbók umsækjanda. Eitt vitni nægir að hverju stökki.
- F. Hafa a.m.k. 75% rétt svör á skriflegu prófi.
- G. Skila til stjórnar FALLÍS öllum gögnum.

2.gr. Fallhlífastökkvari með C skírteini fær sjálfkrafa úthlutað 2. gráðu sýningarstökkssréttindum.

3.gr. Eftirfarandi skilyrði gilda um 1. gráðu sýningarstökksréttindi:

- A. Aðalfallhlíf sem nota á í sýningarstökki fyrir 1. stigs lendingarsvæði (sjá 4. kafla, hluta 4.02, 1.gr. lið B) má ekki vera minni en minnsta fallhlíf sem viðkomandi notaði í prófstökki/stökkum.
- B. Réttindahafi verður að vera útbúinn varavængfallhlíf fyrir sýningarstökk á fyrsta stigs lendingarsvæði.
- C. Réttindin þarf að endurnýja árlega hjá FALLÍS.
- D. Réttindin má afturkalla eða ógilda ef ástæða þykir til af öryggisfulltrúa eða stjórn FALLÍS.

4.gr. Til að endurnýja 1. gráðu sýningarstökksréttindi þarf viðkomandi að hafa innan s.l. 12 mánaða:

- A. Stokkið a.m.k. 1 nákvæmnis-lendingarstökk á Íslandsmóti og lent innan 25 cm frá miðju skv. úrskurði dómara mótsins eða
- B. stokkið 1 prófstökk (skv. 3. kafla, hluta 3.09, 1. gr., lið C,D og E) eða
- C. stokkið 1 sýningarstökk á fyrsta stigs lendingarsvæði í viðurvist öryggisfulltrúa, yfirkennara eða aðila í stjórn FALLÍS og
- D. fengið undirskrift í stökkbók frá öryggisfulltrúa, yfirkennara eða aðila í stjórn FALLÍS vegna viðkomandi stökks.

2.10 DÓMARARÉTTINDI

Dómararéttindi eru gefin út til að tryggja að gæði dómgæslu á Íslandsmótum og metum sé með besta móti. Nokkrar kröfur eru gerðar til dómara.

1.gr. Dómararéttindi eru gefin út á eftirtalin stig:

- A. Landsdómararéttindi
- B. Alþjóðleg réttindi

2.gr. Skilgreining á stigum dómara-réttinda:

- A. Landsdómari hefur rétt til að dæma á Íslandsmótum og mettilraunum.
- B. Alþjóðadómari hefur rétt til að dæma á alþjóðlegum FAI mótum fyrir hönd Íslands.

3.gr. Dómararéttindi eru gefin út á eftirtaldar greinar.

- A. Nákvæmnislendingar (accuracy).
- B. Mynsturflug í frjálsu falli (formation skydiving).

4.gr. Umsækjendur um landsdómara-réttindi þurfa að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- A. Verða að vera meðlimir í FALLÍÐ.
- B. Hafa dæmt á a.m.k. tveimur landsmótum í þeirri grein sem sótt er um réttindi í undir eftirliti yfirdómara.
- C. Þekkja keppnisreglur IPC/FAI í viðkomandi grein.

- D. Fá umsögn og undirskrift yfirdómara.
- E. Fá samþykki FALLÍS.

5.gr. Umsækjendur um alþjóðleg dómaraéttindi þurfa að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- A. Hafa verið landsdómari í a.m.k. 1 ár í viðkomandi grein.
- B. Uppfylla skilyrði IPC/FAI eins og þau eru hverju sinni.
- C. Fá umsögn og undirskrift yfirdómara á alþjóðlegu FAI móti.
- D. Fá samþykki FAI.

6.gr. Til að halda landsdómaraéttindum í lagi þarf viðkomandi að:

- A. Dæma eitt mót á ári eða
- B. Sækja endurmenntunarnámskeið á landsmóti undir eftirliti yfirdómara.

7.gr. Til að halda alþjóðlegum dómaraéttindum í lagi þarf viðkomandi að uppfylla skilyrði FAI eins og þau eru hverju sinni.

3 SÉRLEG STÖKK

3.1 KYNNING

Þessi kafli mun fjalla um hvaða reglur eru í gildi varðandi sýningarstökk, næturstökk, vatnsstökk, hæðarstökk (yfir 15.000' yfir sjávarmáli), mynsturstökk og keppnisstökk.

3.2 SÝNINGARSTÖKK

Reglur um sýningarstökk þjóna þeim tilgangi að hámarks öryggi og fagmennska séu alltaf í fyrirrúmi varðandi alla skipulagningu og framkvæmd sýningarstöcks. Sérstök leyfi þarf til sýningarstöcks frá lögregluvirkendum, Samgöngustofu og landeigendum hverju sinni.

1.gr. Eftirfarandi reglur eiga við um skipulagningu sýningarstöcks:

- A. Lendingarsvæði skal ekki vera minna en 25 m radíus.
- B. Lendingarsvæði sem er 25 til 40 m radíus að stærð er skilgreint sem 1. stigs svæði.
- C. Aðeins stökkvurum með 1. gráðu sýningarstöcksréttindi er heimilt að taka þátt í stökki á 1. stigs svæði og skal reynt að hafa a.m.k. 20 sek. á milli lendinga á slíku svæði.
- D. Sýningarstökk skal skipulagt á þann veg að enginn þurfi að lenda nær en 15 m frá næsta áhorfanda og að enginn þurfi að fljúga yfir áhorfendur í minni hæð en 50'.
- E. Ef stökkvari sem flýgur yfir áhorfendur er útbúinn fána og vigt og/eða reykblysi skal lægsti hluti útbúnaðar aldrei fara neðar en í 50' hæð yfir áhorfendum.
- F. Varasvæði skal ekki vera lengra en 150 m. frá fyrirhuguðu landingarsvæði. Ef ekkert varasvæði er fyrir hendi skal stærð landingarsvæðis fyrir 1. gráðu réttindahafa vera a.m.k. 50 m. radíus og 80 m. radíus fyrir 2. gráðu réttindahafa.
- G. Huga þarf að aðskilnað við Djúp vötn, raflínur og fl.
- H. Tilgreina skal stökkstjóra fyrir sýningarstökk.

2.gr. Reglur um vindstyrk í sýningarstökki.

- A. Ef vindstyrkur við jörðu er 20 hnútar eða meira skal hætt við sýningarstökk.
- B. Ef vindstyrkur við jörðu er 15 hnútar eða meira skal hætt við sýningarstökk ef landingarsvæði er of nálægt hlutum sem gætu orsakað ókyrrð í lofti, t.d. byggingar, trjáþyrping, áhorfendastúkur o.fl.
- C. Aðeins aðilar með 1. gráðu sýningarstökksréttindi og útbúnir varavængfallhlíf mega stökkva sýningarstökk þar sem vindstyrkur við jörðu er 15 hnútar eða meira

3.gr. Ef ætlunin er að framkvæma aðalfallhlífarlosun skal viðkomandi aðili útbúinn þremur fallhlífum og vera með a.m.k. C-skírteini.

4.gr. Lágmarkshæfnikröfur fyrir sýningarstökk á önnur svæði en 1. stigs svæði er C-skírteini og a.m.k. 50 stökk á viðkomandi gerð fallhlífar eða sambærilegri m.t.t. stærðar og áframhraða.

5.gr. Allir stökkvarar í sýningarstökki skulu útbúnir stýranlegri varafallhlíf.

6.gr. Fallhlífastökkvari sem tekur þátt í sýningarstökki skal hafa stokkið a.m.k. 10 stökk á síðustu 6 mánuðum og lent innan 10 m frá settu marki í hvert sinn.

7.gr. Ef ætlunin er að lenda í fallhlífa-mynstri í sýningarstökki skal það einungis framkvæmt af handhafa D skírteinis. Mynstur flugið skal vera æft og skipulagt fyrir sýningastökkið.

8.gr. Ef stokkið er með reykblýs í sýningarstökki skal þess gætt að auðvelt sé að losna við það ef nauðsyn krefur.

9.gr. Ef stokkið er með fána í sýningarstökki skal hann festur í ólar eða aftari línur (C og D) eða aftari borða. Athuga skal að auðvelt sé að losna við fánann ef nauðsyn krefur og skulu fánafestingar ekki vera fyrir neinum neyðarhandföngum.

10.gr. Ef losna þarf við einhvern útbúnað í sýningarstökki skal reynt að gæta þess að hann lendi ekki á fólki eða eignum á jörðu niðri.

11.gr. Gæta skal þess að opunarstaður fallhlífa í sýningarstökki sé ekki beint yfir áhorfendum.

12.gr. Skila skal inn áhættumati fyrir hvert sýningarstökk til Samgöngustofu. Æskilegt er að í því sé fjallað um áættlaða framkvæmd stökksins, áhættuþætti og vara lendingarsvæði. Gott er að hafa loftmynd með skýringum. Einnig þarf að koma fram hverjir séu að framkvæma stökkið og tilgreina þarf stökkstjóra.

3.3 NÆTURSTÖKK

Einungis stökk sem framkvæmd eru á tímabili frá einni klst. eftir sólsetur til einnar klst. fyrir sólarupprás eru viðurkennd sem næturstökk. Næturstökk krefjast sérstakra varúðarráðstafana af öllum aðilum þess, öryggis vegna.

1.gr. Lágmarkshæfnikrafa fyrir þátttöku í næturstökki er B-skírteini.

2.gr. Fyrir þátttöku í 1. næturstökki skal stökkvari hljóta þjálfun hjá öryggisfulltrúa eða kennara og fengið undirskrift þess efnis í stökkbók.

3.gr. Eftirfarandi sérútbúnaðar er krafist eða mælt með í næturstökki:

- A. Ljóst á hæðarmæli er krafist.
- B. Mælt er með ólituðum og hreinum gleraugum.
- C. Ljóst á stökkvarann eða útbúnað hans sem sést í 5 km fjarlægð er krafist.
- D. Handljóst til að lýsa upp í fallhlíf eftir opnun er krafist.
- E. Mælt er með hvítum eða ljósum stökkgalla.

4.gr. Eftirfarandi atriði gilda um landingarsvæði fyrir næturstökk:

- A. Ávallt skal hafa einhvern til taks á landingarsvæði til að sjá um ljós o.fl.
- B. Landingarsvæði skal vera upplýst með sterkum ljósum t.d. aðalljósum bifreiðar og skal lýst í landingarátt.
- C. Ef ljós eru slökkt eða engin á landingarsvæði skal hætt við stökkið.

5.gr. Ef enginn öryggisfulltrúi, stökkstjóri eða kennari er með í næturstökki er mælt með að a.m.k. einn aðili sem hafi stökkið næturstökk áður sé með og skal sá aðili þá stjórna stökkinu.

6.gr. Ef framkvæma á mynsturflug í næturstökki er mælt með að það sé gert í heiðskýru veðri og við fullt tungl.

7.gr. Fallhlífastökkvari í sínu fyrsta næturstökki skal stökkva einn.

8.gr. Áður en næturstökk er framkvæmt skal tilkynna og fá leyfi hjá stjórnenda viðkomandi loftrýmis

9.gr. Næturstökk skal tilkynna fyrirfram til öryggisfulltrúa eða aðila í stjórn FALLÍS.

3.4 VATNSSTÖKK

Á fyrsta stökks grunnnámskeiði læra allir stökkvarar hvernig á að bregðast við ef óviljandi er lent í vatni. Reglur í þessum kafla gilda um skipulögð vatnsstökk og ef ætlunin er að stökkva í námunda við vatn.

1.gr. Hver stökkvari skal útbúinn flotbúnaði ef ætlunin er að stökkva í vatn eða ef vatn sem hægt er að drukkna í er 500m eða minni fjarlægð frá opunarstað.

2.gr. Lágmarkshæfnikröfur fyrir skipulögð vatnsstökk er A-skírteini.

3.gr. Skipulögð vatnsstökk skulu framkvæmd undir eftirliti öryggisfulltrúa, stökkstjóra eða kennara.

4.gr. Við skipulögð vatnsstökk í þjálfunarskyni skal vatnsdýpt á landingarstað vera a.m.k. 2m. Tilkynna skal stökkið fyrirfram og staðsetningu þess til viðbragðaðila s.s Lögreglu, Slökkviliðs eða björgunarsveita. Stökkstjóri skal skilgreina aðila í stökkhópnum sem kann skil á endurífgun. Stökkvarar skulu útbúnir hnif sem ekki er festur á fallhlífabúnaðinn.

5.gr. Stökkvarar sem taka þátt í skipulögðu vatnsstökki skulu vera vel syntir.

3.5 HÆÐARSTÖKK

Stökk sem framkvæmd eru úr meiri hæð en 10.000' yfir sjávarmáli hafa í för með sér minnkandi súrefnismagn og loftþrýsting auk lækkandi hitastigs. "Hypoxia" sem er afleiðing af súrefnisleysi hefur áhrif á t.d. dómgreind og sjón og getur mögulega orsakað meðvitundarleysi. Reglur um hæðarstökk eru ætlaðar til að auka öryggi. Allar hæðartölur í þessum kafla eru miðaðar við hæð yfir sjávarmáli.

1.gr. Mælt er með að einungis handhafar C-skírteina eða hærri taki þátt í stökkum úr 15.000' til 20.000'.

2.gr. Mælt er með að einungis handhafar D-skírteina eða hærri taki þátt í stökkum úr 20.000' til 40.000' og skulu þeir hafa stokkið með súrefnisgjafa a.m.k. einu sinni áður úr 15.000' eða lægra.

3.gr. Mælt er með að einungis handhafar D-skírteina eða hærri taki þátt í stökkum úr 40.000' eða hærra og skulu þeir hafa stokkið með súrefnisgjafa og í þrýstibúningi a.m.k. tvisvar áður úr 35.000' eða lægra.

4.gr. Fyrir fyrsta stökk með súrefnisgjafa eða í þrýstibúningi skulu viðkomandi aðilar hljóta þjálfun hjá öryggisfulltrúa eða kennara.

5.gr. Eftirfarandi reglur gilda um sérútbúnað í hæðarstökki:

- A. Mælt er með að stökkvarar séu útbúnir sjálfvirkum varafallhlífur-opnara ef ætlunin er að stökkva úr 20.000' eða hærra.
- B. Nota skal súrefnisgjafa í stökkum úr 21.000' eða hærra og skal súrefni vera þurr.
- C. Nota skal þrýstibúning í stökkum úr 35.000' eða hærra og skal búningurinn vera með innbyggðum súrefnisgjafa auk þess að vera viðurkenndur til fallhlífastökks af framleiðanda.
- D. Nota skal súrefni um borð í loftfarinu í klifri upp í stökkhæð meðan flogið er í meiri hæð en 13.000' fetum og einnig ef flogið er í 10.000' fetum lengur en í 30 mínútur.
- E. Súrefnismagn í stökki skal nægja í a.m.k. 5 mínútur

- F. Við stökk úr 20.000' eða hærra skal súrefnismagn á þrýstiflöskum í loftfari vera nægilegt fyrir áætlaðan flugtíma og 25% í viðbót.
- G. Fyrir stökk úr 13.000' til 21.000' skulu stökkvarar byrja notkun á súrefni úr þrýstiflöskum í 8.000' og ekki hætta fyrr en 30 sek. fyrir útstökk eða skipta yfir á súrefnisgjafa 2 mín. fyrir útstökk eftir því sem við á.

3.6 FALLHLÍFAMYNSTURFLUG

Fallhlífa mynsturflug er þegar tveim eða fleiri fallhlífum er flogið saman í þeim tilgangi að mynda myndur. Í þessari grein fallhlífastökks leynast ýmsar hættur. Reglum í þessum kafla er ætlað að auka öryggi í fallhlífamynsturflugi.

1.gr. Aðili í sínu fyrsta fallhlífamynsturstökki skal uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur:

- A. A-skírteini.
- B. 20 stökk í væng fallhlíf.
- C. Sýnt skilning á eiginleikum fallhlífa og flugi þeirra auk skilnings á mismun milli ólíkra fallhlífa.
- D. Sýnt hæfni til að lenda 5m eða minna frá settu marki.
- E. Hlotið þjálfun hjá reyndum fallhlífamynsturstökkvara og fyrstu stökk skulu vera einn á einn með leiðbeinanda.

2.gr. Mælt er með eftirfarandi útbúnaði í fallhlífamynsturflugi:

- A. Krókhlíf.
- B. Skó sem vernda ökkla fyrir línunum.

- C. Stuttan eða inndraganlegan tengiborða í draghlíf til að minnka hættu á flækju.
- D. Krosstengi á milli aftari og fremri borða.

3.gr. Hætta skal við fallhlífamynsturflug ef veður býður upp á ókyrrt loft eða vindhviður

4.gr. Í fallhlífamynssturstökki skal aðskilnaður að öllu jöfnu ekki framkvæmdur neðar en í 2.000' yfir jörðu.

5.gr. Öllu aðflugi og tilraunum til snertingar í fallhlífarmynsturstökki skal hætt ofar en 2.500' yfir jörðu.

6.gr. Ef ætlunin er að lenda í fallhlífamynstri skal það einungis framkvæmt af handhafa D skírteinis og skal gengið úr skugga um að veðurskilyrði séu hagstæð.

7.gr. Ef ætlunin er að framkvæma fallhlífarmynsturflug í næturstökki skal það gert í heiðskýru veðri og við fullt tungl. Mælt er með að allir séu í hvítum eða ljósum stökkgöllum og að allir séu útbúnir blikkljósum. Að öðru leiti skal farið eftir reglum um næturstökk sbr. kafla 4, hluta 4.03.

7.gr. Öll mynsturflug skal skipuleggja fyrirfram m.t.t. öryggis.

8.gr. Ef ætlunin er að framkvæma mynsturflug í frjálsum falli í næturstökki skal það gert í heiðskýru veðri og við fullt tungl. Mælt er með að allir séu í hvítum eða ljósum stökkgöllum og að allir séu útbúnir ljósi sem sést greinilega í frjálsum falli. Að öðru leiti skal farið efir reglum um næturstökk sbr. kafla 4, hluta 4.03.

3.8 ÍSLANDSMÓT OG ÍSLANDSMET

Hlutverk FALLÍS er m.a. að halda Íslandsmót í mynsturflugi og nákvæmnislendingum FALLÍS sér einnig um þátttöku Íslands í mótum erlendis. Allir aðilar með fullan keppnisrétt geta orðið Íslandsmeistarar.

1.gr. Eftirfarandi lágmarksköfur gilda um fullan keppnisrétt á Íslandsmótum

- A. Félagi í FALLÍS.
- B. A-skírteini.
- C. Útlendingar þurfa að hafa haft lögheimili á Íslandi í eitt ár og verið félagar í FALLÍS í eitt ár.

2.gr. Allir sem keppa fyrir Íslands hönd á alþjóðavettvangi skulu hafa íslenskan ríkisborgararétt. Að öðru leiti skal fara eftir reglum IPC/FAI.

3.gr. Lið í opnum flokki eða einstaklingar sem vinna Íslandsmót hafa fyrsta rétt til að keppa fyrir Íslands hönd á alþjóðavettvangi það árið með því skilyrði að allir hafi íslenskan ríkisborgararétt. Annað sæti á Íslandsmóti gefur svo annan keppnisrétt og svo koll af kolli með sama skilyrði um íslenskan ríkisborgararétt.

4.gr. Boða skal skriflega með a.m.k. viku fyrirvara til Íslandsmóts til hvers félaga eða með auglýsingu í fréttablaði. Boð skal innihalda keppnisreglur.

5.gr. Eftirfarandi gildir um keppnisreglur á Íslandsmótum:

- A. Keppnisreglur í nákvæmni-lendingum skulu vera eins og aðstæður leyfa skv. reglum IPC/FAI.
- B. Keppnisreglur í mynsturflugi skulu vera eins og aðstæður leyfa skv. reglum IPC/FAI.
- C. Keppnisreglur mynsturflugs í opnum flokki skulu innihalda fullan útdrátt mynstra.
- D. Keppnisreglur mynsturflugs í öðrum flokki skulu innihalda útdrátt mynstra eins og FALLÍS ákveður hverju sinni.
- E. Þátttaka í opnum flokki er öllum opin.
- F. Þátttaka í öðrum flokki er öllum opin.
- G. Engum er heimil þátttaka í báðum flokkum á sama Íslandsmóti.

6.gr. Við mettilraunir í stærð á mynstri í frjálsu falli skal farið eftir reglum IPC/FAI.

7.gr. Allir sem taka þátt í Íslandsmettilraunum í stærð á mynstri í frjálsu falli skulu vera félagar í FALLÍS og hafa íslenskan ríkisborgararétt og/eða hafa lögheimili á Íslandi

4 NÁMSKEIÐ OG KENNSLA

4.1 KYNNING

Námskeið í fallhlífastökki fyrir byrjendur eru tvenns konar, stöðulínu (S/L) námskeið og hraðþjálfunar (AFF) námskeið, auk farþegastökks. Þessi kafli mun útskýra uppbyggingu og markmið byrjenda-kennslu. Einnig mun fjallað um upprifjun og áframhaldandi þjálfun.

4.2 GRUNNKENNSLA

Markmið og kröfur námskeiða eru til að tryggja að stökneminn öðlist kerfisbundið hæfni og þekkingu til að stjórna eigin stökkum á öruggan hátt í framtíðinni.

1.gr. Eftirfarandi gildir um lágmarks útstökkshæðir fyrir nemendur

- A. Stöðulínu (S/L) stökk er 3000'.
- B. Hopp/opnun er 3500'.
- C. 10 sek. frjálst fall er 4000'.
- D. 15 sek. frjálst fall er 5000'.
- E. 30 sek. frjálst fall er 7500'.
- F. 45 sek. frjálst fall er 9500'.
- G. Hraðþjálfunarstökk (AFF) er 9000'.
- H. Hraðþjálfunarútstökk (AFF) án æfinga er 5000'.
- I. Farþegastökk er 5000'.

2.gr. Nemendur skulu undirrita yfirlýsingu fyrir fyrsta stökk þess efnis að þeir skilji hættuna sem fallhlífastökk hefur í för með sér og þeir taki ábyrgð á eigin stökkum.

Nemendur skulu einnig undirrita yfirlýsingu þess efnis að þeir séu bæði líkamlega og andlega hæfir til að stunda fallhlífastökk.

3.gr. Nemendur skulu mæta með almennt læknisvottorð á grunnnámskeið sem vottar að þeir séu við góða heilsu.

4. gr. Lágmarksaldur er 16 ár fyrir fallhlífastökk, nema 14 ár fyrir farþega. Allir yngri en 18 ára þurfa skriflegt samþykki foreldra eða forráðamanna.

5.gr. Nemendur skulu sanna með skírteini eða vegabréfi að þeir séu a.m.k. 18 ára ef kennari gerir kröfu um það.

6.gr. Farþegar yngri en 16 ára skulu koma með læknisvottorð sem vottar að þeir séu við góða heilsu. Ennfremur skulu þeir koma með skriflegt leyfi til fallhlífarsökks frá foreldrum eða forráðamönnum og í fylgd a.m.k. annars þeirra. Einnig skal þess gætt að þeir passi vel í farþegaólar.

7.gr. Grunn- eða upprifjunarnámskeið skulu innihalda eftirtalin meginatriði:

- A. Útbúnað og virkni hans.
- B. Stökksvæði og umgengisreglur.
- C. Flugvél og umgengisreglur.
- D. Neyðaraðgerðir í flugvél.
- E. Útklifur og útstökk.
- F. Líkamsstöðu, stökk og vandamál í frjálsum falli.
- G. Bilanir og vandamál útbúnaðar.
- H. Stjórn fallhlífar og landingar.
- I. Neyðarlanding.
- J. Landingavandamál með tilliti til hindrana.

8.gr. Fyrir farþegastökk skal nemandi fá útskýringu á útbúnaði, útklifri, stökki, líkamsstöðu, opnun fallhlífar og hæð auk landingar.

9.gr. Nemendur á grunnnámskeiði skulu prófaðir skriflega í öllum meginatriðum.

10.gr. Verklef uppbygging og markmið stöðulínu (S/L) námskeiða er í meginatriðum eins og hér segir:

- A. Fyrstu 2 stökin eru S/L án allra æfinga. Markmiðin eru að útstökk séu stöðug og líkamsstaða góð. Þessi markmið gilda fyrir öll stökk í framhaldinu.
- B. Næstu 3 stökin eru S/L með æfingaropnunum með ótengt aðfallhlífarhandfang. Markmiðin eru að toghreyfingar séu réttar og ákveðnar.
- C. Næsta stökk er hopp/opnun stökk þar sem nemandinn opnar sjálfur um leið og hann er kominn í frjálst fall. Markmiðin eru að opnun sé ákveðin og framkvæmd í réttri hæð. Þessi markmið gilda fyrir öll stökk í framhaldinu.
- D. Næstu tvö stökk eru með 10 sek. frjálstu falli hvort. Markmiðin eru að halda stefnu og sýna gott hæðarskyn. Þessi markmið gilda fyrir öll stökk í framhaldinu.
- E. Næstu tvö stökk eru með 15 sek. frjálstu falli hvort. Markmiðin eru að framkvæma beygjur á stöðugan og öruggan hátt.
- F. Næstu tvö stökk eru með 30 sek. frjálstu falli hvort. Markmiðin eru að framkvæma beygjur, bakfallslykkjur og frásvif á stöðugan og öruggan hátt.
- G. Næstu þrjú stökk eru með 45 sek. frjálstu falli hvert. Markmiðin eru að sýna hæfni til að stjórna beygjum, bakfallslykkjum, frásvifi og gefa opnunarkerki á fullnægjandi hátt. Fallhlífastjórn og landingar skulu vera með ágætum hætti án aðstoðar talstöðvar í þessum stökkum.

11.gr. Verklegr uppbygging og markmið hraðþjálfunarnámskeiða (AFF) er í meginatriðum eins og hér segir:

- A. Fyrsta stig er með tveimur AFF réttindahöfum. Markmiðin eru að útstökk sé stöðugt, líkamsstaða góð, hæðarskyn gott og opnun fallhlífar framkvæmd af nemanda í réttri hæð. Þessi markmið gilda fyrir öll AFF stökk.
- B. Annað stig er með tveimur AFF réttindahöfum. Markmiðin eru að framkvæma 90° beygjur og áframhreyfingu með fótum á fullnægjandi hátt.
- C. Þriðja stig er með tveimur AFF réttindahöfum. Nemandanum er sleppt í fyrsta sinn og markmiðin eru að nemandinn stjórni stefnu og opni fallhlíf óstuddur og stöðugur í réttri hæð. Þessi markmið gilda fyrir áframhaldandi AFF stökk.
- D. Fjórða stigið er með einum AFF réttindahafa. Markmiðin eru að framkvæma 90° beygjur, áfram-hreyfingu með fótum og gefa opunarmerki á stöðugan og öruggan hátt.
- E. Fimmta stigið er með einum AFF réttindahafa. Markmiðin eru að framkvæma 360° beygjur, áfram-hreyfingu með fótum og gefa opunarmerki á stöðugan og öruggan hátt.
- F. Sjötta stigið er með einum AFF réttindahafa. Markmiðin eru að framkvæma stöðugt útstökk einn, bakfallslykkjur, frásvíf og gefa opunarmerki á stöðugan og öruggan hátt.
- G. Sjöunda stigið er með einum AFF réttindahafa. Markmiðin eru að framkvæma stunguútstökk einn og sýna hæfni til að stjórna beygjum, bak- og framfallslykkjum, frásvifi og gefa opunarmerki á fullnægjandi hátt. Fallhlífstjórn og lending skal vera með ágætum hætti án aðstoðar talstöðvar á þessu stigi.
- H. Áttunda stigið skal vera einstökk úr 5000' með 10 sek. frjálsu falli án æfinga.

12.gr. Allir nemendur skulu hafa lært að pakka aðfallhlíf á fullnægjandi hátt og lært skoðun á útbúnaði fyrir stökk áður en þeir hljóta útskrift.

13.gr. Eftir útskrift er mælt með að nemandinn stökkvi nokkur einstökk með nemendaútbúnaði.

14.gr. Aðeins stökkstjóra eða kennara er heimilt að þjálfa nemendur á opnunarkerfi með kasthandfangi (throw out) og/eða toghandfangi (pull out).

15.gr. Áður en stökkvari tekur þátt í mynsturflugi í frjálsum falli er æskilegt að hann/hún hljóti þjálfun hjá viðurkenndum þjálfara í mynsturflugi. FALLÍS mælir með þjálfunarkerfi frá viðurkenndum mynsturflugsskólum (til dæmis Skydive University eða Warp).

4.3 UPPRIFJUNAR-REGLUR

Nauðsynlegt er að allir fallhlífastökkvarar haldi sér í góðri þjálfun og að kennarar fylgist vel með að nemendur séu ávallt í góðri þjálfun, öryggis vegna.

1.gr. Nemendur sem ekki hafa stokkið í 30 daga frá síðasta stökki skulu hljóta nákvæma upprifjun í öllum grundvallaratriðum.

2.gr. Allir stökkvarar sem ekki hafa stokkið í nokkurn tíma skulu rifja upp viðbrögð við öllum vandamálum og bilunum sem mögulega geta komið upp.

3.gr. Eftirfarandi gildir um upprifjunarstökk:

- A. Stöðulínunemendur (S/L) sem komnir eru á frjálst fall en hafa ekki stokkið í 30 daga skulu settir á S/L æfingaropnunarstökk .
- B. Nemendur í hraðþjálfun (AFF) sem eru útskrifaðir en hafa ekki stokkið í 30 daga skulu settir á hraðþjálfun (AFF) IV. stigs stökk.
- C. A-skírteinishafar sem ekki hafa stokkið í 30 daga skulu stökkva eitt stökk með í mesta lagi 5 sek. frjálsum falli.

- D. B-skírteinishafar sem ekki hafa stokkið í 90 daga skulu stökkva eitt stökk með í mesta lagi 5 sek. frjálsum falli.
- E. C-skírteinishafar sem ekki hafa stokkið í 120 daga skulu stökkva eitt stökk með í mesta lagi 5 sek. frjálsum falli.
- F. D-skírteinishafar sem ekki hafa stokkið í 6 mánuði skulu stökkva eitt stökk með í mesta lagi 5 sek. frjálsum falli.
- G. E-skírteinishafar sem ekki hafa stokkið í 9 mánuði skulu stökkva eitt stökk með í mesta lagi 5 sek. frjálsum falli.
- H. F-skírteinishafar sem ekki hafa stokkið í 1 ár skulu stökkva eitt stökk með í mesta lagi 5 sek. frjálsum falli.

5 FLUG MEÐ FALLHLÍFA-STÖKKVARA

5.1 KYNNING

Samstarf flugmanna og fallhlífastökkvara þarf að vera mjög gott og skilningur ríkja milli aðila um starfsreglur og skyldur hvors annars. Hreinar línur þurfa að vera um neyðaraðgerðir. Nauðsynlegt er að flugmenn hafi skilning á lágmarks útstökkshæðum og landingarsvæðum fyrir stökkvara og stökkvarar þurfa að skilja eðli flugs með fallhlífastökkvara og virða ákvarðanir flugstjóra.

5.2 STARFSREGLUR

Nákvæmar starfsreglur um flug þarf að setja á stökksvæði m.t.t. aðstæðna. Eftirfarandi eru lágmarks reglur:

1.gr. Flugmaður þarf að þekkja reglugerð um fallhlífastökk og uppfylla hæfniskröfur um flug með fallhlífastökkvara samkvæmt reglugerð um fallhlífarstökk 652/2010. Flugmaður þarf að hafa að minnsta kosti 200 fartíma.

2.gr. Flugmaður ber ábyrgð á hleðslu flugvélar m.t.t. heildarmassa og staðsetningu þyngdarpunkts.

3.gr. Flugmaður hefur síðasta orðið um hvort flugveður eða flugskilyrði séu nægilega góð til flugs.

4.gr. Flugmaður þarf að vera útbúinn neyðarfallhlíf í flugi.

5.gr. Allir um borð í flugvél þurfa að vera útbúnir fallhlíf hvort sem ætlunin er að stökkva eða ekki.

6.gr. Allir um borð í flugvél skulu vera í öryggisbeltum í flugtaki, flugi upp í a.m.k. 500' og landingu ef svo ber undir. Engin skal vera um borð sem hefur eki hlutverk í framkvæmd stökks.

7.gr. Nemendur skulu vera með hjálm á höfði í flugtaki, flugi upp í a.m.k. 1000' og landingu ef svo ber undir.

8.gr. Fyrir flugtak skal flugstjóri og Viðkomandi stökkstjóri ákveða lokaflugstefnu, stökkhæð og útstöcksstað á lokastefnu fyrir stökk skal flugmaður fylgja stefnu leiðbeiningum stökkstjóra nema annað sé ákveðið. Hafa skal í huga takmarkanir í samhengi við mögulega hættu fyrir flugumferð og fólk/eignir á jörðu niðri

9.gr. Flugstjóri skal leggja inn flugáættlun hjá stjórnanda viðkomandi loftrýmis sem stökkið skal framkvæmt í. Einnig skal Flugstjóri fá heimild hjá stjórnanda þess loftrýmis að framkvæma stökkið (Fá heimild til útstöcks þegar stökkvarar eru klárir og vélin er að nálgast útstöcksstað)

10.gr. Tilkynna þarf til Samgöngustofu hvaða loftför á að nota við framkvæmd fallhlífastökks sem og eigna/umráðarétt þeirra loftfara. Þeir sem sjá um flug með fallhlífastökkuvar skulu hafa gefið út SPO yfirlýsingu til Samgöngustofu ef um atvinnustarfsemi er að ræða. Einnig skal senda staðfestingu til samgöngustofu um að loftfar sé tryggt í flugi með fallhlífastökkuvara.

6 REGLUR UM ÚTBÚNAÐ

6.1 KYNNING

Fallhlífaútbúnað þarf að meðhöndla á réttan hátt og fylgja leiðbeiningum framleiðenda og fagmanna eins og lífið liggi við. Reglur í þessum kafla eru ætlaðar til allra sem nota eða yfirfara fallhlífaútbúnað.

6.2 FAGMENN FALLHLÍFABÚNAÐAR

Fallhlífavirkjanámskeið eða lengra nám er hægt að sækja víða erlendis til meistara á viðurkenndu verkstæði eða verksmiðju. Öll fallhlífavirkjarréttindi á Íslandi þurfa viðurkenningu FALLÍS. Fagmenn þurfa að athuga að húsnæði þar sem þeir stunda viðhald á búnaði sé nægilega gott m.t.t. rakastigs o.fl.

1.gr. FALLÍS viðurkennir fallhlífavirkjanám eða námskeið erlendis frá svo framarlega sem meistarinn er viðurkenndur í sínu heimalandi og að námið sé sambærilegt og hjá FAA hvað kröfur varðar.

2.gr. Fallhlífavirki skal sanna réttindi sín með skírteini og fyrir hvaða tegund þau gilda.

3.gr. Umsækjandi um réttindi meistara í fallhlífavirkjun skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

- A. Hafa verið fallhlífavirki í a.m.k. 3 ár.
- B. Pakkað a.m.k. 100 varafallhlífum af tveimur algengustu tegundum, hvorri.
- C. Standast munnlegt og verklegt próf í þeirri tegund eða tegundum sem viðkomandi sækir um réttindi í hjá FAA eða viðkomandi flugmálayfir-völdum.

4.gr. FALLÍS viðurkennir her fallhlífavirkjanám með þeim takmörkunum sem það setur réttindahafa.

5.gr. Aðeins aðilar með meistararéttindi í fallhlífavirkjun mega breyta fallhlífabúnaði að fengnu samþykki frá viðkomandi framleiðanda.

6.gr. Viðhald útbúnaðar og þökkun varafallhlífa og neyðarfallhlífa fyrir aðra skal aðeins framkvæmd af fallhlífavirkja sem til þess hefur réttindi.

7.gr. Við hverja varafallhlífapökkun skal fallhlífavirki yfirfara alla fylgihluti; fallhlífapakka, ólar og neyðarhandföng. Ef útbúnaður er búinn AAD skal fallhlífavirki ennfremur athuga hvort síðasta skoðun hans sé enn í gildi skv. kröfum framleiðenda.

8.gr. Hægt er að sækja nám hjá meistara í fallhlífavirkjun til að pakka eigin varafallhlíf og gilda þau réttindi einungs um viðkomandi gerð fallhlífapakka.

9.gr. Pökkun aðalfallhlífa fyrir nemendur skal einungis framkvæmd af fallhlífavirkja, kennara/stökkstjóra, notanda hverju sinni undir eftirliti viðurkennds aðila eða aðila sem fengið hefur þjálfun hjá fallhlífavirkja til að pakka viðkomandi gerð.

10.gr. Aðilar sem pakka aðalfallhlífum fyrir aðra skirteinishafa skulu fylgja leiðbeiningum framleiðenda auk þess að hafa samþykki notanda hverju sinni

6.3 ÚTBÚNAÐUR

Vissir hlutar fallhlífaútbúnaðar þurfa að vera framleiddir skv. ákveðnum staðli og hljóta samþykki flugmálayfirvalda. FALLÍS samþykkir útbúnað sem framleiddur er samkvæmt fyrirætlum viðurkennds tæknistaðals og sem hlotið hefur nauðsynlega viðurkenningu. Öllum stökkvurum er nauðsynlegt að þekkja sinn útbúnað og fylgja öllum reglum sem um hann gilda.

1.gr. Hverjum stökkvara eða farþegastökkspari í tvöföldum ólum sem stekkur sport fallhlífastökk er skylt að vera með tvær fallhlífar, eina aðalfallhlíf og eina viðurkennda varafallhlíf, festar á sömu heildarólum.

2.gr. Allir stökkvarar skulu útbúnir stýranlegri varafallhlíf.

3.gr. Eftirfarandi gildir um stærð hringlaga varafallhlífar miðað við heildarþyngd (eigin þyngd og útbúnað) stökkvara:

- A. $\leq 67,5$ kg þarf 24' varafallhlíf.
- B. 67,5 - 90 kg þarf 26' varafallhlíf.
- C. ≥ 90 kg þarf 28' varafallhlíf.

4.gr. Fylgja skal kröfum framleiðanda hvað varðar hámarks heildarvigt stökkvara fyrir varavængfallhlífar.

5.gr. Eftirfarandi útbúnaður í vara-fallhlífakerfi þarf að hafa staðist kröfur tæknistaðals TSO C-23 (frá FAA) eða sambærilegs.

- A. Varafallhlíf.
- B. Ólar.
- C. Fallhlífapakki.
- D. Borðar.
- E. Draghlíf, poki og tengiborði.

F. Opnunarkerfi.

6.gr. Skylt er að pökkun varafallhlífar ásamt skoðun á fylgjandi útbúnaði hennar hafi verið framkvæmd innan árs frá notkunardegi. Innsigla skal varafallhlífapakka eftir pökkun á viðurkenndan hátt með fangamarki fallhlífavirkja.

7.gr. Aðalfallhlífapökkun skal framkvæmd innan árs frá notkunardegi.

8.gr. Eftirfarandi gildir um fallhlífapakka og ólar.

- A. Fallhlífapakki þarf að standast kröfur tæknistaðals TSO C-23 eða sambærilegs.
- B. Varafallhlífafestingar þurfa að standast átak sem nemur a.m.k. 1360 kg.
- C. Fallhlífapakki skal útbúinn þriggja hringa sleppikerfi á aðalfallhlíf eða sambærilegu sleppikerfi hvað gæði og öryggi varðar.

9.gr. Eftirfarandi gildir um nemenda-útbúnað:

- A. Nemendur skulu útbúnir varastöðulínu (VSL) í varafallhlíf.
- B. Nemendur skulu útbúnir sjálfvirkum opnara á varafallhlíf.
- C. Aðalfallhlíf nemenda fyrir frjálst fall skal útbúin opnunarkerfi með togstreng og gormdrághlíf eða kasthandfangi.
- D. Nemendur skulu útbúnir væng aðalfallhlíf, hæðarmæli og hörðum hjálmi.

10.gr. FALLÍS mælir með "stöðulínu í poka" opnunarkerfi fyrir stöðulínunemendur, að öðrum kosti "stöðulínu með draghlíf".

11.gr. Eftirfarandi gildir um stöðulínur:

- A. Stöðulína skal vera a.m.k. 8' að lengd en ekki lengri en 15', þannig að ekki sé hætt á að hún geti snert stélhluta flugvélarinnar.
- B. Stöðulína skal vera þannig útbúin í pakka að hann geti opnast áður en poki verður fyrir álagi.
- C. Stöðulína skal þola a.m.k. 1630 kg átak.
- D. Stöðulína skal fest í grind flugvélar, t.d. öryggisbeltisfestingar og skal þess gætt að átak á öryggisbeltafestingu sé langsum.
- E. Ef Stöðulína er notuð í "stöðulína með draghlíft" skal hjálparbúnaður þola álag sem nemur a.m.k. 13 kg. en ekki meira en 73 kg.
- F. Ef stöðulína er notuð í "stöðulína í poka" skal hjálparbúnaður þola álag sem nemur a.m.k. 25 kg. en ekki meira en 145 kg.

6.4 UMHIRÐA ÚTBÚN-AÐAR.

Í þessum hluta er að finna leiðbeiningar um almenna umhirðu útbúnaðar, geymslu o.fl.

1.gr. Hreinsun á fallhlífabúnaði skal stilla mjög í hóf og einungis framkvæma þegar brýna nauðsyn ber til. Hreinsun skal framkvæmd með dustun, burstun eða blettaþvotti í höndum.

2.gr. Fallhlíf sem komist hefur í snertingu við saltvatn skal skola rækilega með hreinu vatni.

3.gr. Þurrkun fallhlífabúnaðar skal framkvæmd í þurrkaðstöðu skv. skilgreiningu fallhlífavirkja. Hitastig þar skal vera á milli 15 og 30 gráður á C°. Rakastig skal vera á milli 30 og 60 %.

4.gr. Blautan fallhlífabúnað skal hengja til þerris svo fljótt sem mögulegt er til að hindra fúnun. Gæta skal vel að ryðmyndun á málmhlutum.

5.gr. Geymslustaður fallhlífabúnaðar skal hafa hitastig á milli 15 og 25 gráður á C° og rakastig á milli 30 og 60 %. Gæta skal þess að olíur, bensín, fita, sápa, málning, lakk og kemísk efni séu ekki til staðar í geymslu.

6.gr. Fallhlífabúnað skal ekki geyma þar sem sólargeislar komast að. Ekki er ráðlegt að stafa útbúnaði hvorum ofan á annan né láta liggja á beru gólfi.